

um verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson,
Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna millipínganefnd til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár, að öllu eða einhverju leyti. Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Íslenskt fjármálalíf hefur allt frá síðustu heimsstyrjöld einkennzt öðru fremur af sífelldu verðfalli peninga. Er auðvelt að sanna með tölum, að innlánsvextir af sparifé hafa þetta tímabil hvergi nærri nægt til þess að vega í móti þeirri verðfellingu peninga, sem átt hefur sér stað. Þessi þróun hefur haft óheppilegar afleiðingar á mörgum sviðum og er ein aðalorsök þeirrar verðbólguþróunar, sem einkennt hefur tímabilið og þá ekki sízt síðustu 2 árin.

Innlendur sparnaður er ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi. Eðlileg afleiðing verðfalls peninga síðustu 20—25 árin er ónógur sparnaður. Hefur það leitt til lánsfjárskortis til hvers kyns framkvæmda og rekstrar atvinnufyrirtækja. Lánastarfsemi hefur í sívaxandi mæli einkennzt af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu og vaxandi lánastarfsemi utan þess.

Af þessu ástandi hefur mikill hluti efnahagsstarfsemi landsmanna liðið, og mundi það ein hin mesta búbot, sem hægt væri að gera atvinnuvegunum, ef þeir ættu kost á nægum lánnum til fjárfestingar og rekstrar.

Hin stöðuga verðryrnun peninga hefur matað verðbólguþrauginn, sem tröllríður íslenskri þjóðfélagsbyggingu meir og skaðvænlegar en flest annað. Gróðinn, sem sífellt verðfall peninganna hefur skapað, orsakar æðisgengið kapphlaup um hið takmarkaða lánsfé og verðbólgu-fjárfestingu. Endurskipting eigna þjóðfélagsins, þar sem lántakendur hagnast stöðugt á kostnað lánveitenda, getur ekki talizt sanngjörn né verðskulduð.

Með þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, er lagt til, að kosin sé 5 manna millipínganefnd, er athugi, með hverjum hætti mögulegt geti verið að verðtryggja sparifé að öllu eða einhverju leyti.

Sparifé hefur verið verðtryggt að meira eða minna leyti í Finnlandi, Frakklandi, Ísrael, Svíþjóð og ef til vill víðar, og er nauðsynlegt að kanna, hver reynslan af því hefur orðið í þessum löndum.

Fyrirsjáanlegir eru nokkrir framkvæmdaerfiðleikar við upptöku verðtryggingar á sparifé, en þeir ættu að vera yfirstíganlegir hér, ef þeir eru það í framangreindum löndum.

Mikilvæg spurning er, hversu víðtæk verðtryggingin eigi að vera, hvort hún eigi að ná til allra innlána ellegar aðeins til bundinna sparifjárinnstæðna. Fyrir fram er erfitt um slíkt að dæma, en það yrði eitt af verkefnum millipínganefndarinnar að finna svör við þeirri spurningu.

Eðlilegt er að miða verðtryggingu sparifjárins við vísitölu neyzluverðlags, eins og hún er á hverjum tíma. Auðvitað yrði þá einnig að vísitölubinda útlán þessa fjár með samsvarandi hætti.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja knýjandi, að mál þetta sé rannsakað gaumgæfilega nú. Fer síðan eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar, hverjar leiðir þykja færar. Einskis má láta ófreistað til að sporna við þeirri óheillaþróun, sem hefur átt sér stað og færzt mjög í aukana seinustu árin. Réttu þarf hlut sparifjäreigenda og draga úr yfirstandandi dýrtíðarspennu, en verðtrygging gæti áreiðanlega haft mikla þýðingu til þess að vinna móti verðbólguþróun.

Fyrir máli þessu verður gerð fyllri grein í framsögu.